

Allir regnbogans litir

Verk Chihulys eru ekki aðeins fjölbreytt í formi og lögun heldur einkennast þau einnig af mikilli litadýrð.


Stórviðburður í listalífinu:

Chihuly á Íslandi

– einn fremsti glerlistamaður heims á Kjarvalsstöðum

Í gær klukkan 17.30 opnaði forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, sýningu á verkum bandaríska glerlistamannsins Dales Chihulys á Kjarvalsstöðum. Sýningin, sem ber yfirskriftina „Chihuly á Íslandi - Form úr eldi“ er haldin í minningu frá Guðrúnu Katrínar Þorbergsdóttur en hún kynntist einmitt verkum Chihulys meðan hún var í krabbameinsmeðferð í Seattle og hreifst mjög af þeim.

Dale Chihuly þykir einn fremsti glerlistamaður í heiminum nú á tímum. Hann byggir á mjög fjölbreyttum möguleikum glers til að skapa umfangsmikil höggmyndaverk og innsetningar. Verk sín tengir hann gjarnan saman við náttúruna, en einnig vinnur hann mikið út frá sýningarstað og sögu. Um þessar mundir stendur til dæmis yfir viðamikil sýning á höggmyndum hans í Davíðsturninum í Jerúsalem þar sem hann tengir saman þessar fornfrægu byggingar og



Dale Chihuly

Chihuly er án efa einn framúrstefnulegasti glerlistamaður heims nú á dögum.

margbrottin höggmyndaverk úr gleri.

Listamaðurinn ætlaði sjálfur að

koma til landsins í tengslum við sýninguna og vera viðstaddur opnunina í gær en vegna yfirvofandi verkfalls flugvirkja frestaði hann för sinni og komst því ekki til landsins í tæka tíð. Auk þess ætlaði hann ásamt aðstoðarfólki sínu og 35 íslenskum myndlistarmönnum og nemum að vinna að innsetningum í nágrenni Reykjavíkur.

Innsetningarnar, sem eru sérstaklega hugsaðar með hliðsjón af íslenskri náttúru, verða gerðar þrátt fyrir að Chihuly verði fjarri góðu gamni. Mun aðstoðarkona hans Jennifer Lewis hafa yfirumsjón með verkinu í hans stað. Lewis er þaukunnug verkum og ferli Chihulys og hélt meðal annars fyrirlestur um hann í Listaháskólanum í Laugarnesi á fimmtudaginn var. Upphaflega stóð til að Chihuly héldi sjálfur fyrirlesturinn en af því gat ekki orðið af skiljanlegum ástæðum.

-EÖJ

Logandi lambalæri og súlumeyjar

DV, SANDGERÐI:

Á árlegu herrakvöldi Lionsklúbbs Sandgerðis í kvöld munu „súlumeyjar“ sýna listrænan dans, eftir að Jóhannes Kristjánsson eftirherma skemmtir kórulnum. Sandgerðingarnir sinna fleiri menningarlegum málum og hefja kvöldið með vinkynningu áður en ráðist er til atlögu við glæsilegt sjávarréttarhlaðborð og logandi lambalæri.



DV-MYND SIGURDUR K. HJALMARSSON.

Gosbrunnur fremur listaverk

Eiríkur Vilhelm virðir fyrir sér ísskraut sem varð til í frostinu á föstudagsnóttina af vatnsúðanum frá gosbrunninum. Gardinn eiga Anna Jónsdóttir og Finnur Bjarnason í Vik.



Nokkur verka Elinborgar Kjartansdóttur.

Koparristur í Listhúsinu

Málmlistakonan Elinborg Kjartansdóttir ætlar að halda sýningu í einn dag frá kl. 14-17 í Listhúsinu í Laugardal. Um er að ræða koparristusýningu með sumarívaði eins og listakonan segir. Á sýningunni

verður mikið úrval englamynda og gólfmyndir svo eitthvað sé nefnt og þá geta gestir sérpantað hjá listakonunni. Í sama sal í Listhúsinu sem er rétt við veitingastofuna verða einnig sýnd verk eftir Erró.





OPIÐ

UM HELGINA

LAUGARDAG og SUNNUDAG



Palomino YEARLING

HÖLDUR

Akureyri



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 7 • Reykjavík • Sími 511 2200

þú velur þér ókeypis netfang!



visir.is
Notaðu vísingurinn!

fripóstur
visir.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20.00:
LANDKRABBINN
eftir Ragnar Arnalds

7. sýn. í kvöld lau. 15/4, uppselt, 8. sýn. mið. 26/4, örfá sæti laus, 9. sýn. fim. 27/4, örfá sæti laus, 10. sýn. fös. 5/5, nokkur sæti laus, 11. sýn. lau. 6/5, nokkur sæti laus, 12. sýn. fös. 12/5, nokkur sæti laus, fim. 18/5.

GLANNI GLÆPUR Í LATABÆ
eftir Magnús Scheving og Sigurð Sigurjónsson

Sun. 16/4 kl. 14, örfá sæti laus, og kl. 17, örfá sæti laus, sun. 30/4 kl. 14, uppselt, sun. 7/5 kl. 14, örfá sæti laus, sun. 14/5 kl. 14, nokkur sæti laus, sun. 21/5 kl. 14.

ABEL SNORKO BYR EINN
eftir Eric-Emmanuel Schmitt

Sun. 30/4.
Takmarkaður sýningafjöldi.

KOMDU NÆR
eftir Patrick Marber

Mið. 31/5.
Sýningin er hvorki við hæfi barna né viðkvæmra.

Liíta sviðið kl. 20.30:
HÆGAN, ELEKTRA
eftir Hrafnhildi Hagalín Guðmundsdóttur

Í kvöld lau. 15/4, örfá sæti laus, sun. 16/4, sun. 30/4.

Smíðaverkstæðið kl. 20.00:
VÉR MORÐINGJAR
eftir Guðmund Kamban

Í kvöld lau. 15/4, fös. 28/4, lau. 29/4.
Sýningum fer fækkandi.

Listaklúbbur Leikhúskjallarans
17. apríl kl. 20.30.
Gullkistan

Í tilefni af 50 ára afmæli Þjóðleikhússins verður fjallað um leikskáldið Guðmund Steinsson.

Flytjendur eru Ingvar E. Sigurðsson, Halldóra Björnsdóttir, Stefán Jónsson, Erlingur Gíslason og Margrét Guðmundsdóttir.

Umsjón hefur Jón Víðar Jónsson.

Miðasalan er opin mán.-þri. kl. 13-18, mið.-sun. kl. 13-20.

Simapantanir frá kl. 10 virka daga.

S. 551 1200
thorey@theatre.is



1897-1997

BORGARLEIKHÚSIÐ

STÓRA SVIÐ:
KYSSTU MIG, KATA
Söngleikur eftir Cole Porter, Sam og Bellu Spewack

9. sýn. 15/4 kl. 19, uppselt.
Sun. 16/4 kl. 19, uppselt.
Fim. 27/4 kl. 20,
Fös. 28/4 kl. 19, uppselt.
Lau. 29/4 kl. 19, uppselt.
Sun. 30/4 kl. 19.
Fim. 4/5 kl. 20, laus sæti.
Fös. 5/5 kl. 19, uppselt.
Lau. 6/5 kl. 19.
Sun. 7/5 kl. 19.

AFASPIL
Höfundur og leikstjóri:
Örn Árnason.

Sun. 16/4 kl. 14, nokkur sæti laus, sun. 30/4 kl. 14, nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ
LEITIN AÐ VÍSBENDINGU UM VITSMUNALÍF Í ALHEIMINUM
eftir Jane Wagner

Lau. 15/4 kl. 19, örfá sæti laus, lau. 29/4 kl. 19, fös. 5/5 kl. 19.

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
Diaghilev:
GOÐSAGNIRNAR
eftir Jochen Ulrich

Tónlist eftir Bryars, Görecki, Vine, Kancheli
Lifandi tónlist: GusGus

Lau. 29/4 kl. 14.
Síðasta sýning!

Miðasalan er opin virka daga frá kl. 12-18, frá kl. 13 laugardaga og sunnudaga og fram að sýningu sýningardaga. Simapantanir virka daga frá kl. 10.

Greiðslukortþjónusta
Sími 568 8000 Fax 568 0383

Úrval

– 960 síður á ári –
fróðleikur og skemmtun
sem lifir mánuðum og
árum saman